HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað vegna fundar fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar með fjárlaganefnd Alþingis

Þann 5. október 2015

Vegamál
Fjársýsla ríkisins
Lækkun tryggingagjalds
Fjármál sveitarfélaga
Húsaleiga vegna búsetukjarna
Leiguíbúðir

Vegamál

Hafnarfjarðarbær vill ítreka mikilvægi þess að gengið verði frá betri tengingu Reykjanesbrautar við Krýsuvíkurveg og óskar eftir að þær framkvæmdir fái forgang. Mikilvægt er að þessari framkvæmd verði flýtt þannig að hún komi til framkvæmda eigi síðar en árið 2016.
Umferð er stöðugt að aukast um þessi gatnamót. Þau voru á sínum tíma tengd til bráðbirgða í einföld T-gatnamót inn í iðnaðarhverfið Hellnahraun I. Þau gatnamót eru ekki á framtíðaráætlun Hafnarfjarðar, þar sem þau eru hættuleg vegna hraðaumferðar á Reykjanesbraut. Bílar eru að taka vinstri beygju frá austri inn í hverfið og til vesturs út úr hverfinu, hvort tveggja í veg fyrir hraða umferð á Reykjanesbraut, þ.m.t. stórir vöruflutningabílar í mismunandi veglagi. Starfsemi í iðnaðarhverfunum er að aukast til muna og stór fyrirtæki komin á svæði svo sem Icelandair með sín áhafnaskipti og þjónustu þar sem um 400 manns munui starfa og/eða hefja og ljúka starfsdegi sínum, hótel, flutningafyrirtæki, bílaleigur, steypustöð, malbikunarstöð, móttökustöðvar úrgangs, iðnfyrirtæki og svo mætti lengi telja.
Allt eru þetta fyrirtæki meira og minna sem nota þurfa þessi gatnamót og skapa mikla umferð um þau. Þegar mislæg gatnamót koma verða þessi gatnamót lögð af og aðkoma í iðnaðarhverfið verður af gatnamótum á Krýsuvíkurveginum. Auk þessa mundi framkvæmdin bæta mjög umferðarflæði frá suðurhluta íbúahverfisins á Völlum í Hafnarfirði en á svæðinu er stærsti grunnskóli landsins með um 900 nemendur. Slökkviliðsstjóri SHS hefur bent á að þessi slæma tenging geti skapað vandamál vegna aðkomu sjúkra- og slökkviliðs.
Í dag er óljóst með upphaf framkvæmda en verkefnið er á vegaáætlun árin 2018-2020. Samkvæmt áliti Vegagerðarinnar geta þessi mislægu gatnamót komið ein sér og þá hugsanlega sem fyrsti áfangi tvöföldunar Reykjanesbrautar frá þeim að Kaldárselsvegi. Vegagerðin mun að mestu vera tilbúin með hönnun vegna þessa verkefnis.
Önnur verkefni í Hafnarfirði sem eru aðkallandi:

- Krýsuvíkurvegur - gerð hringtorgs við Hellnahraun II og Velli til að bæta aðkomu bíla að Krýsuvíkurvegi.
- Kaldárselsvegur milli Ofanbyggðarvegar og Reykjanesbrautar – endurgerð vegar í tengslum við ný íbúahverfi
- Reykjanesbraut - aukning á umferðarrýmd/flutningsgetu hringtorgsins á gatnamótum Reykjanesbrautar við Lækjargötu/Hlíðarberg
- Ofanbyggðarvegur milli Kaldárselsvegar og Krýsuvíkurvegar – nýr vegur

Nauðsynlegt er að ofanbyggðarvegur í Hafnarfirði fari inn á vegaskrá þar sem ljóst er hann gegnir mikilvægu hlutverki í vegtengingum á höfuðborgarsvæðinu. Reykjanesbraut mun ekki anna allri umferðinni á suðurhluta höfuðborgarsvæðisins í framtíðinni. Jafnframt skal bent á að síðustu mánuði virðist sem umferð á Reykjanesbrautinni, sérstaklega við Setberg, hafi aukist til muna. Þar er farið að bera á vandræðum við að komast út úr Setbergi og af Lækjargötu inn á hringtorgið við Lækjargötu. Umferðarspár sem Hafnarfjarðarbær hefur látið vinna fyrir árið 2025 sýna að ofanbyggðavegur mun létta mjög á umferð í innra gatnakerfi Hafnarfjarðar

Loks er bent á umferðarástandip á Reykjanesbraut/Hafnarfjarðarvegi sem skapast vegna slægs umferðarflæðis um Garðabæ. Miklar raðir myndast á morgnanna á þessari leið þegar þungur straumur fólks er í átt að Reykjavík. Nauðsynlegt er að fara að huga að betri umferðarlausnum á þessu svæði.

Fjársýsla ríkisins

Hafnarfjarðarbær hefur beint því til Sambands íslenskra sveitarfélaga að taka upp viðræður við ríkið um innheimtuþóknun Fjársýslu ríkisins vegna útsvars. Telja verður eðlilegt að hlutfall þóknunar til ríkissjóðs lækki í samræmi við hækkun á álagningaprósentu útsvars. Ef talið er að þóknun til ríkissjóðs, 0,5%, hafi staðið undir kostnaði ríkissjóðs við að innheimta útsvar fyrir sveitarfélög þegar hámarks útsvarsprósenta var 7,5% má leiða að því líkum að ríkissjóður sé að hafa góðan hagnað af því að innheimta útsvar þegar hámarksútsvar er komið upp í 14,48% með óbreyttu innheimtuhlutfalli. Það verður að teljast réttmæt krafa sveitarfélaga að þetta hlutfall verði lækkað, ekki síst með hliðsjón af erfiðri fjárhagsstöðu margra sveitarfélaga. Með vísan til þessa liggur beint við að sveitarfélögin krefjist þess að innheimtuþóknunin fari í 0,25% miðað við að hámarksútsvar, sem nú er 14,48%, var 7,5% þegar innheimtþóknunin var 0,5%. Það getur ekki verið rétt að ríkissjóður sé að hagnast á því að innheimta útsvar fyrir sveitarfélögin. Jafnframt vill bæjarráð benda á að frá þeim tíma sem liðinn er frá því ríkið tók að sér innheimtu útsvars hefur orðið veruleg tækniþróun sem leitt hefur til auðveldari innheimtu og lækkun kostnaðar. Þá hefur innheimtuaðilum fækkað við það að sýslumannsembætti hafa verið lögð niður eða sameinuð í landinu.

Lækkun tryggingagjalds

Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 22. september sl. að skora á Alþingi að tryggingargjald 2016 verði lækkað verulega umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.
Tryggingargjaldið var 5,34% fyrir hrun en var hækkað í 7% árið 2009 og þá mældist atvinnuleysi 8%. Í dag er gjaldið 7,49% og mun lækka í 7,35% á árinu 2016. Atvinnuleysi nú er 3,1%.
Hafnarfjarðarbær mun greiða um 670 m.kr. í tryggingargjald árið 2015 en þessi fjárhæð væri um 478 m.kr. ef tryggingargjaldið væri óbreytt frá því fyrir hrun eða lækkun sem nemur um 192 m.kr.
Ríkið varði um 28 milljörðum króna til atvinnutryggingarsjóðs þegar hæst lét árið 2010 og þá nam atvinnuleysið 8,1%. Í fjárlögum 2016 er gert ráð fyrir að atvinnuleysisbætur hækki um 9,4% á milli ára og að ríkið verji um 12,2 milljörðum til atvinnuleysistryggingarsjóðs.

Fjármál sveitarfélaga

Nýjar þjónustukröfur hafa komið fram frá ríkinu eftir yfirfærslu málefna fatlaðra sem ekki hafa verið fjármagnaðar. Hjá Hafnarfirði stefnir í um 50 m.kr. halla í ár á málefnum fatlaðra sem bærinn tók yfir. Auk þess hafa útgjöld vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna hækkað verulega þar sem þjónustukröfur hafa aukist án þess að fjármagn fylgi. Hallinn, þegar kostnaður vegna frístundar er tekinn með, er um 161 m.kr.
Verulegar launahækkanir og nýtt starfsmat hafa þyngt rekstur sveitarfélagsins undanfarið og enn er eftir að semja við flest starfsfólk. Útkomuspá um afkomu sveitarfélagsins fyrir árið 2015, sem miðar við að samið verði á grunni SA/ASÍ samninga og gerðardóms, gerir ráð fyrir að launin verði um 800 m.kr.

hærri en samkvæmt upphaflegri áætlun. Tekjur hafa hins vegar ekki aukist að sama skapi, launahækkanir virðast ekki skila sér að fullu, íbúafjölgun er takmörkuð og sveitarfélagið fékk á sig leiðréttingu vegna eftirágreidds útsvars að fjárhæð 400 m.kr., þ.e. þurfti að endurgeiða þessa fjárhæð. Hallinn á A-hluta stefnir því í um 1 milljarð kr. í ár en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir um 330 m.kr. halla.
Hafnarfjarðarbær er mjög skuldsettur og í lok árs verða gengistryggð lán greidd upp og fjármögnuð með verðtryggðum lánum. Verðtryggð lán munu því nema um 27 milljörðum króna og því ljóst að það skiptir sveitarfélagið höfuðmáli að verðbólgu verði haldið í skefjum. Einnig vega lífeyrisskuldbindingar þungt og verða yfir 10 milljarðar kr. í árslok 2015.

Húsaleiga vegna búsetukjarna

Við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga 2011 fluttist framkvæmd leigusamninga sem svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra höfðu gert vegna húsnæðis fyrir þjónustu við fatlað fólk til sveitarfélaga. Sveitarfélög fengu umrætt húsnæði til afnota við yfirfærsluna og tóku að sér leigugreiðslur. Forsvarsmenn BRYNJU Hússjóðs hafa ekki fallist á aðilaskipti að leigusamningunum en geta fallist á framleigu til viðkomandi sveitarfélaga. Samningarnir eru því milli Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi og BRYNJU Hússjóðs, þó framkvæmdin sé hjá sveitarfélaginu. Fyrstu tvö árin voru greidd sérstök húsnæðisframlög til sveitarfélaga vegna þessa kostnaðar. Frá 2013 eru þessi framlög hluti af greiðslum sem koma vegna SIS-mats en þar er hins vegar miðað við eðlilegar leigugreiðslur. Leigugreiðslur Hafnarfjarðarbæjar vegna húseigna í eigu BRYNJU Hússjóðs eru langt umfram leiguverð á almennum markaði. Munar þar rúmum tveimur milljónum á mánuði og bærinn því að ofgreiða í húsaleigu eða sem nemur u.þ.b. 24 millj. kr. á ári, sjá töflu.

Sambýli	Fm	Verð pr ferm. við samnings-byrjun	grunnv	Ágúst vísit 2015	Leiguverð á fermetra	Heildarleiga frá BRYNJU á mánuði	Leiguverð í Hafnarfirði	Heildar-leiga	Mismunur á mánuði
Einiberg	205	675	255,2	432,3	1.143	234.402	1.000	205.000	29.402
Hjallabraut	111	826	336	432,3	1.063	117.964	1.300	144.300	-26.336
Drekavellir	506	1642	261,9	432,3	2.710	1.371.429	1.300	657.800	713.629
Erluás	255,5	1304,7	226,6	432,3	2.489	635.956	1.200	306.600	329.356
Svöluhraun	245,4	1269,36	224,1	432,3	2.449	600.901	1.200	294.480	306.421
Svöluás	408,9	2014,53	229,3	432,3	3.798	1.553.002	2.200	899.580	653.422
Samtals	**1731,8**				**2.275**	**4.513.654**	**1.367**	**2.507.760**	**2.005.894**

Tölur fengnar frá löggiltum fasteignasala - er námundun - leiguverð á fermetra.

Hafnarfjarðarbær krefst framlaga frá ríki til að standa straum af umframkostnaði vegna þessa. Samningarnir eru á ábyrgð ríkisins þar sem samkvæmt þeim er ríkið leigutakinn. Frá og með áramótum mun Hafnarfjarðarbær greiða sem samsvarar eðlilegri leigu vegna umræddra húseigna. Litið er svo á að velferðarráðuneytið beri ábyrgð á greiðslum umfram það.

Leiguíbúðir

Margir einstaklingar og fjölskyldur eiga í miklum erfiðleikum vegna skorts á leiguhúsnæði, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Einnig hefur leiguverð hækkað umtalsvert á undanförnum misserum og er í mörgum tilvikum orðið það hátt að venjulegt launafólk getur ekki staðið undir slíkum greiðslum. Mikilvægt er að sem fyrst verði fundin lausn á þessum vanda. Lögð er áhersla á að frumvarp húsnæðismálaráðherra um styrki til niðurgreiðslu á kostnaði við byggingu og/eða kaup á leiguíbúðum nái fram að ganga. Hafnarfjarðarbær lýsir sig reiðubúinn til að taka þátt í byggingu leiguíbúða á grundvelli frumvarpsins nái það fram að ganga.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði